


Gengið um
á gagn-
rýnenda
sýningu:



Sigurjón Ólafsson. Tré III



Karl Kvaran. Guðný.

Valið og kvölin

Tilhögun var sú, að við höfðum, plássins vegna, gert ráð fyrir 16-17 listamönnum, svo að hægt væri að velja nógu mörg verk eftir hvern og einn til að hans persónuleiki komi fram. Hver okkar fimmmenninga kom með sinn lista og síðan var kosið um hvern og einn. Eru þeir á sýningunni, sem fengu 5 eða 4 atkvæði — en auk þess gat hver okkar tilnefnt „sinn mann“. Alls munu 30-40 listamenn hafa verið bornir upp á þessum listum okkar.

Mér finnst að valið hafi tekist vel. Það er ágætt að fá fram sem flest viðhorf, sem breiðasta mynd af því sem gerist á einu ári í myndlistum. Sýningin spannar allt frá hefðbundnum expressjónisma hjá Jóhannesi Geir yfir í verk Magnúsar Pálssonar, sem eru meðal þess sem á sér stýsta forsögu í íslenskrum myndlist. Hér eru málverk, grafík, höggmyndir, vefnaður.

Nú er síðvenja hjá mörgum að bregðast illa við öllu sem gefur til kynna að gagnrýnendur hafi tekið sér dómssvald eins og það heitir. Og ef þeir eru svotil allir í samfloti, þá fer mafiuhrollur um fjölda manns.

— Ég vil undirstrika í þessu sambandi, að sýningin hefur það meginmarkmið að draga á eitt torg viðhorf í íslenskrum myndlist. Hér er tækifæri til að meta ákveðna stöðu, bera saman einstaklinga og sjónarmið. Og ég held að þar eð gagnrýnendur sem að þessu standa eru svo ólíkir sem raun ber vitni, þá ætti það í sjálfu sér að tryggja sýningunni viðunandi breidd. Menn vilja oft gleyma því, að gagnrýnin er alls ekki einlit. Hún sveiflast frá formalisma, einhliða áhuga á formrænum eiginleikum verka til hugmyndalegrar rýni, sem vill ekki vanrækja það erindi sem listamaðurinn rekur. Fyrir mína parta vil ég svo taka það fram, að þrátt fyrir breiddina þá væri mér auðvelt að nefna listamenn sem ég sakna að eru hér ekki. En sem fyrr segir, þetta var lýðræðisleg kosning, og enginn einn gagnrýnandi kom sínum vilja fram til fulls.


— Ef að erlendum myndrýnir dytti hér niður á gólfid allt í einu og hefði aldrei séð íslenska myndlist áður, hvað heldurðu að honum dytti fyrst í hug?

— Það er að visu mjög erfitt fyrir mig að setja mig í þau spor.


En flestir erlendir listfræðingar sem ég hefi hitt hérlandis hafa fyrst undrast það, hve margir búa til myndir og eins hitt, hve íslensk myndlist stendur hugmyndalega nálægt því sem er að gerast á Norðurlöndum og annarsstaðar í Evrópu — hvað sem líður ótvíráðum persónulegum einkennum hinna ýmsu listamanna.

Maður verður oft var við það viðhorf, að þessir menn eru að leita að einhverju mjög séríslensku í ætt við heita hvergi eða einhver náttúrufyrirbæri önnur, þess vegna kemur hið alþjóðlega samhengi þeim nokkuð á óvart. En auðvitað dregur íslensk myndlist eins og annað sem unnið er í samfélaginu dóm af þeim veruleika og þeim kringumstæðum sem við búum við...

Sýningunni lýkur nú á sunnudagskvöldið, en hún var opnuð í sl. viku. Þeir listamenn sem eiga verk á sýningunni eru Asgerður Búadóttir, Gunnar Örn Gunnarsson, Haukur Dór Sturluson, Hjör-



Gunnar Örn Gunnarsson. Sól II



Þórður Hall. A sviðinu.

leifur Sigurðsson, Jóhannes Geir, Karl Kvaran, Kristján Davíðsson, Kristján Kristjánsson, Magnús Kjartansson, Magnús Pálsson,

Ragnheiður Jónsdóttir, Ragnheiður Ream, Richard Valtingoier, Sigurjón Ólafsson, Torfi Jónsson, og Þórður Hall. —áb.

Nú um helgina lýkur að Kjarvalsstöðum myndlistarsýningu sem hefur fengið nafnið Val. Sýning þessi er að því leyti nýlunda að fimmmyndlistarrýnar fjögurra dagblaða standa að henni í sameiningu.

Nú í vikunni var gengið með Ólafi Kvaran um sýninguna og hann spurður tíðinda af henni.

— Kveikjan að þessari sýningu, sagði hann, má heita sú, að stofnuð voru í sumar Samtök gagnrýnenda, það var á þeim vettvangi að hugmyndin að sýningunni kom upp. En frumleg er hugmyndin alls ekki, því hliðstæð tiltæki hafa verið iðkuð í mörg ár í nálægum löndum.

Markmið okkar, sem að þessu stöndum, er að draga fram það sem okkur fannst áhugaverðast af því sem fram kom á árinu, bæði á einkasýningum, og samsýningum en yfirlitssýningar, t.d. á vegum ríkisins voru undan skildar.

ALFRÆÐI MENNINGARSJÓÐS

YTARLEGT, FRÆÐANDI OG MYND-
SKREYTT BRAUTRYÐJENDAVERK

ÞESSAR BÆKUR ERU KOMNAR:

Bókmenntir
Stjórnufræði — rúmfræði
Íslenskt skáldatal I

Íslandssaga I
Hagfræði



NÚ ERU TVÖ NÝ BINDI KOMIN ÚT ÍÞRÓTTIR I-II

EFTIR INGIMAR JÓNSSON ÍÞRÓTTA-
KENNARA

GLÆSILEG HANDBÓK
GJÖF UNGA FÓLKSINS

NÝKOMIÐ: Íslenskt skáldatal — síðara bindi

